

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/716  
komudagur 4.12.2007

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 3. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um brotfall laga nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald (11. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að leggja niður iðnaðarmálagjald.*

Viðskiptaráð hefur áður skilað inn umsögn um framangreint frumvarp, sbr. meðfylgjandi umsögn ráðsins dags. 29.12.2006. Niðurstaða þeirrar umsagnar var að fyrirkomulag sem þetta, þ.e. nokkurs konar skylduaðild að Samtökum Iðnaðarins, stæðist ekki þau markmið sem félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar stefnir að.

Sú afstaða Viðskiptaráðs hefur ekki breyst, enda er það almennt mat ráðsins að hagsmunasamtök atvinnugreina og starfsstétta, hverju nafni sem þau nefnast, eigi ekki að njóta lögbundinna tekna. Hvetur ráðið þannig til að öll sambærileg gjöld verði felld niður og umræddum hagsmunasamtökum þannig falið að starfa á grundvelli frjálsrar félagsaðildar.

Viðskiptaráð tekur undir sjónarmið greinargerðarinnar að æskilegri leið til að efla iðnaðinn sé að leyfa iðnfyrirtækjum að halda eftir gjaldinu. Það sjónarmið að skattlagning geti á einhvern hátt stuðlað að eflingu og þróun atvinnuvega er einfaldlega úrelt.

**Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 29. desember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um brotfall laga nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald (16. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að leggja niður iðnaðarmálagjald.*

Samtök iðnaðarins njóta mikillar sérstöðu í samanburði við önnur samtök fyrirtækja í landinu þar sem ríkið leggur iðnaðarmálagjald á öll fyrirtæki sem starfa í iðnaði, innheimtir þau og veitir þeim síðan til samtakanna. Því má segja að um nokkurs konar skylduaðild að samtökunum sé að ræða auk þess sem ríkið annast innheimtu félagsgjaldanna. Engin önnur samtök hérlendis njóta slíkra forréttinda.

#### **Skylduaðild?**

Með gjaldinu er öllum fyrirtækjum sem starfa í iðnaði skylt að greiða til Samtaka iðnaðarins, hvort sem þau eru aðilar að samtökunum eða ekki. Samtökin hafa ekki viljað meina að um skylduaðild sé að ræða. Þau viðurkenna það samt óbeint í 1. mgr. 14. gr. laga samtakanna með því að líta á gjaldið sem hluta af félagsgjöldum þeirra sem greiða það. Í 74. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að engan megi skylda til aðildar að félögum. Fyrirkomulag sem þetta stenst ekki þau markmið sem félagsfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar stefnir að.

#### **Jafnræði**

Önnur samtök fyrirtækja í landinu verða að reiða sig á frjálsa félagsaðild og verða að sætta sig við að innheimta félagsgjöld frá þeim sem kjósa að greiða þau, eins og eðlilegt er. Þessi forréttindi skapa mjög ójafna stöðu og erfiða rekstur annarra samtaka fyrirtæka og girða fyrir að iðnfyrirtæki geti stofnað með sér önnur samtök, t.d. ef þau eru ósammála stefnu Samtaka iðnaðarins.

Iðnaðarmálagjald er óréttlát tímasekkja sem löngu er tímabært að afnema. Í stefnu Samtaka iðnaðarins segir að meginhlutverk þeirra sé m.a. að þjóna íslenskum iðnaði og gæta hagsmuna hans. Ef samtökin bera hag iðnfyrirtækja sannanlega fyrir brjósti ættu þau að hafa forgöngu um að þau þurfi ekki að sæta óeðlilegri gjaldtöku eins og þessari.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði að lögum.**

Virðingarfyllt,

---

Davíð Þorláksson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs